

REGLUGERÐ

um þvingunaraðgerðir varðandi Jemen.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja:

- a. ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sem eru settar á grundvelli 41. gr. VII. kafla stofnskrár Sameinuðu þjóðanna,
- b. ákvörðunum framkvæmdanefnda þess um þvingunaraðgerðir og/eða
- c. ákvæðum um þvingunaraðgerðir sem íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að framfylgja á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórna aðildarríkja Evrópusambandsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu um pólitísk skoðanaskipti, sem er hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, eftir því sem við á.

Í þeim gerðum sem vitnað er til í 2. gr., og öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, kemur fram um hvaða ályktanir öryggisráðsins og framkvæmdanefnda þess eða ályktanir Evrópusambandsins er að ræða, hverjar þær þvingunaraðgerðir eru sem koma eiga til framkvæmda og gegn hverjum þær beinast, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

2. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi gerðir Evrópusambandsins um þvingunaraðgerðir skulu öðlast gildi hér á landi með þeirri aðlögun sem getið er um í 3. gr.:

1. Ákvörðun ráðsins 2014/932/SSUÖ frá 18. desember 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen, fylgiskjal 1.
 - 1.1 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/882 frá 8. júní 2015 um breytingu á ákvörðun 2014/932/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen, fylgiskjal 2.
 - 1.2 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/1927 frá 26. október 2015 um framkvæmd ákvörðunar 2014/932/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen, fylgiskjal 1.2.
 - 1.3 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/1747 frá 29. september 2016 um framkvæmd ákvörðunar 2014/932/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen, fylgiskjal 1.3.
 - 1.4 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/634 frá 3. apríl 2017 um framkvæmd ákvörðunar 2014/932/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen, fylgiskjal 1.4.
 - 1.5 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2018/694 frá 7. maí 2018 um framkvæmd ákvörðunar 2014/932/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen, fylgiskjal 1.5.
 - 1.6 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2020/490 frá 2. apríl 2020 um breytingu á ákvörðun 2014/932/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen, fylgiskjal 1.6.
 - 1.7 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/398 frá 5. mars 2021 um framkvæmd ákvörðunar 2014/932/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen, fylgiskjal 1.7.
 - 1.8 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/2016 frá 18. nóvember 2021 um framkvæmd ákvörðunar 2014/932/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen, fylgiskjal 1.8.
 - 1.9 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/420 frá 14. mars 2022 um framkvæmd ákvörðunar 2014/932/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen, fylgiskjal 1.9.
 - 1.10 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/1902 frá 6. október 2022 um framkvæmd ákvörðunar 2014/932/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen, fylgiskjal 1.10.
 - 1.11 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/2035 frá 24. október 2022 um framkvæmd ákvörðunar 2014/932/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen, fylgiskjal 1.11.
 - 1.12 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/338 frá 14. febrúar 2023 um breytingu á tilteknum ákvörðunum

ráðsins og sameiginlegum afstöðum að því er varðar þvingunaraðgerðir í því skyni að bæta við ákvæðum um undanþágur af mannúðarástæðum, sbr. fylgiskjal 1.12.

2. Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1352/2014 frá 18. desember 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen, fylgiskjal 3.
 - 2.1 Reglugerð ráðsins (ESB) 2015/878 frá 8. júní 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1352/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen, fylgiskjal 4.
 - 2.2 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2015/879 frá 8. júní 2015 um framkvæmd 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1352/2014 frá 18. desember 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen, fylgiskjal 5.
 - 2.3 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2015/1920 frá 26. október 2015 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 1352/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen, fylgiskjal 2.3.
 - 2.4 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2016/1737 frá 29. september 2016 um framkvæmd 3. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1352/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen, fylgiskjal 2.4.
 - 2.5 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2017/628 frá 3. apríl 2017 um framkvæmd 3. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1352/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen, fylgiskjal 2.5.
 - 2.6 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2018/689 frá 7. maí 2018 um framkvæmd 3. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1352/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen, fylgiskjal 2.6.
 - 2.7 Reglugerð ráðsins (ESB) 2020/488 frá 2. apríl 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1352/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen, fylgiskjal 2.7.
 - 2.8 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2021/397 frá 5. mars 2021 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 1352/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen, fylgiskjal 2.8.
 - 2.9 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2021/2015 frá 18. nóvember 2021 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 1352/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen, fylgiskjal 2.9.
 - 2.10. Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2022/1901 frá 6. október 2022 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 1352/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen, fylgiskjal 2.10.
 - 2.11 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2022/2034 frá 24. október 2022 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 1352/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen, fylgiskjal 2.11.
 - 2.12 Reglugerð ráðsins (ESB) 2023/331 frá 14. febrúar 2023 um breytingu á tilteknum reglugerðum ráðsins um þvingunaraðgerðir í því skyni að bæta við ákvæðum um undanþágur af mannúðarástæðum, sbr. fylgiskjal 2.12.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, sem vísað er til í framangreindum gerðum, eru birtir á frummáli og/eða til þeirra er vísað á vef öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins, eftir því sem við á. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast gildi við birtingu á þeim vefjum, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Framangreindar gerðir binda einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir án frekari lögfestingar, eftir því sem við getur átt, þ.m.t. ákvæði um viðskiptabann, landgöngubann og frystingu fjármuna.

3. gr.

Aðlögun.

Gerðir skv. 2. gr. skulu aðlagðar með eftirfarandi hætti:

- a. ákvæði varðandi ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða aðildarríki Evrópusambandsins ("EB", "ESB", "Bandalagsins" eða "sameiginlega markaðarins") eiga við um íslenska ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða Ísland, eftir því sem við á,
- b. ákvæði um tilkynningar eða skýrslugerðir til aðildarríkja Evrópusambandsins eða stofnana þess gilda ekki. Hið sama á við um ákvæði um gildistöku eða hvenær gerðir skuli koma til framkvæmda,

- c. tilvísanir í gerðir, sem eru hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins), eiga við um þau ákvæði íslensks réttar sem innleiða þær gerðir, eftir því sem við á,
- d. tilvísanir í gerðir, sem eru ekki hluti EES-samningsins, eiga við um hliðstæð ákvæði íslensks réttar, eftir því sem við á, þ.m.t. ákvæði tollalaga nr. 88/2005,
- e. tilvísanir í eldri ákvæði um þvingunaraðgerðir Evrópusambandsins eiga við um eldri íslensk ákvæði, eftir því sem við á,
- f. vefsetur með upplýsingum um lögbær stjórnvöld á Íslandi er: www.utn.is/thvingunaradgerdir.

4. gr.

Tilkynning.

Birting lista yfir aðila, sem nefndir eru í gerðum skv. 2. gr., skal skoðast sem tilkynning til þeirra um að þær þvingunaraðgerðir sem kveðið er á um í gerðunum beinist gegn þeim og er þeim bent á að þeir geti sótt um vissar undanþágur til utanríkisráðuneytisins eða óskað eftir afskráningu af listum, telji þeir sig ranglega skráða.

5. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum. Hann getur m.a. heimilað að efndir séu samningar eða að fullnægt sé öðrum réttindum og skyldum, sem fara í bága við reglugerð þessa en stofnuðust fyrir gildistöku hennar.

6. gr.

Viðurlög.

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

~~Utanríkisráðuneytinu, 16. september 2015.~~

~~Gunnar Bragi Sveinsson.~~

~~Stefán Haukur Jóhannesson.~~

FYLGISKJAL 1.
ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS 2014/932/SSUÖ
frá 18. desember 2014

um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 26. febrúar 2014 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2140 (2014), með vísan til ályktana sinna nr. 2014 (2011) og 2051 (2012) og yfirlýsingar forseta öryggisráðsins frá 15. febrúar 2013, og staðfesti á ný grundvallarskuldbindingu öryggisráðs SP gagnvart einingu, fullveldi, sjálfstæði og friðhelgi yfirráðasvæðis Jemens.

2) Í ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2140 (2014) er krafist ferðatakmarkana gagnvart aðilum sem nefndin, sem komið er á fót með 19. mgr. ályktunar SP nr. 2140 (2014) (hér á eftir kölluð „nefndin“), tilgreinir og frýstingar fjármuna og eigna aðila eða rekstrareininga sem nefndin tilgreinir.

3) Hinn 7. nóvember 2014 tilgreindi nefndin þrjá einstaklinga á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í 17. mgr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2140 (2014).

4) Aðgerða er þörf af hálfu Evrópusambandsins til að hringa tilteknum aðgerðum í framkvæmd.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að aðilar komi inn á eða fari um yfirráðasvæði þeirra sem nefndin hefur tilgreint að taki þátt í eða veiti aðstoð við aðgerðir sem eru ógnun við frið, öryggi eða stöðugleika í Jemen, þ.m.t. en einskorðast ekki við:

a) aðgerðir sem ógna eða koma í veg fyrir að unnt verði að ljúka pólitísku umbreytingarferli með fullnægjandi hætti eins og það er sett fram í samningi samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa um fyrirkomulag við frumkvæði og framkvæmd (e. Gulf Cooperation Council (GCC) Initiative and Implementation Mechanism Agreement),

b) aðgerðir sem torvelda framkvæmd niðurstaðna lokaskýrslu opnu ríkjaráðstefnunnar um skoðanaskipti (e. Comprehensive National Dialogue Conference) með ofbeldi eða árásum á nauðsynlega innviði eða

c) skipulagningu, stjórnun eða framkvæmd verknaða sem brjóta í bága við viðeigandi alþjóðleg mannréttindalög eða alþjóðlegan mannúðarrétt, eða sem eru mannréttindabrot, í Jemen.

Þeir aðilar er um getur í þessari málsgrein eru taldir upp í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. Ákvæði 1. mgr. skuldbinda ekki aðildarríki til að meina eigin ríkisborgurum komu inn á yfirráðasvæði sitt.

3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki þegar koma eða gegnumferð er nauðsynleg vegna málarekstrar.

4. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki þegar aðildarríki ákveður, í hverju tilviki fyrir sig, að slík koma eða gegnumferð sé nauðsynleg til að stuðla að friði og stöðugleika í Jemen og aðildarríkið tilkynnir nefndinni þar um í kjölfarið, eigi síðar en 48 klukkustundum eftir að slík ákvörðun er tekin.

5. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki þegar nefndin ákveður, í hverju tilviki fyrir sig:

a) að koma eða gegnumferð sé réttlætanleg af mannúðarástæðum, þ.m.t. trúarlegar skyldur, eða

b) að undanþága mundi stuðla að friði og þjóðarsátt í Jemen.

6. Í þeim tilvikum, skv. 3., 4. eða 5. mgr., þar sem aðildarríki heimilar komu aðila, sem tilgreindir eru á listanum í viðaukanum, inn á yfirráðasvæði sitt eða för þeirra um það, skal heimildin takmörkuð við þann tilgang sem hún er veitt í og viðkomandi aðila.

2. gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn aðila eða rekstrareininga sem nefndin hefur tilgreint að taki þátt í eða veiti aðstoð við aðgerðir sem eru ógnun við frið, öryggi eða stöðugleika í Jemen, þ.m.t. en einskorðast ekki við:

a) aðgerðir sem ógna eða koma í veg fyrir að unnt verði að ljúka pólitísku umbreytingarferli með fullnægjandi hætti eins og það er sett fram í samningi samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa um fyrirkomulag við frumkvæði og framkvæmd,

b) aðgerðir sem torvelda framkvæmd niðurstaðna lokaskýrslu viðtæku landsráðstefnunnar um skoðanaskipti með ofbeldi eða árásum á nauðsynlega innviði eða

c) skipulagningu, stjórnun eða framkvæmd verknaða sem brjóta í bága við viðeigandi alþjóðleg mannréttindalög eða alþjóðlegan mannúðarrétt, eða sem eru mannréttindabrot, í Jemen, eða aðila eða rekstrareiningar sem koma fram fyrir þeirra hönd eða samkvæmt þeirra fyrirmælum eða rekstrareiningar sem eru í eigu þeirra eða undir stjórn þeirra.

Þeir aðilar og rekstrareiningar sem um getur í þessari málsgrein eru tilgreindir í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. Engir fjármunir eða efnahagslegur auður skal gerður aðgengilegur, með beinum eða óbeinum hætti, til ávinnings fyrir þá aðila og rekstrareiningar sem tilgreind eru á listanum í viðaukanum við þessa ákvörðun.

3. Aðildarríki geta gert undanþágur frá þeim aðgerðum er um getur í 1. og 2. mgr. að því er varðar fjármuni og efnahagslegan auð sem er:

a) nauðsynlegur vegna grunnútgjalda, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja- og læknismeðferðar, skattheimtu, iðgjalda og opinberra þjónustugjalda,

b) eingöngu ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun eða til endurgreiðslu kostnaðar vegna lögfræðiþjónustu,

c) eingöngu ætlaður til að greiða þóknun eða þjónustugjald fyrir venjubundna vörslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs eða umsýslu þar að lútandi,

að fram kominni tilkynningu hlutaðeigandi aðildarríkis til nefndarinnar um þá fyrirætlun sína að heimila, þar sem það á við, aðgengi að fyrrnefndum fjármunum eða efnahagslegum auði, hafni nefndin því ekki innan fimm virkra daga frá tilkynningunni.

4. Aðildarríki geta einnig gert undanþágur frá þeim ráðstöfunum er um getur í 1. og 2. mgr. að því er varðar fjármuni eða efnahagslegan auð sem er:

a) nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda, að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt nefndinni um þá ákvörðun og að nefndin hafi samþykkt hana, eða

b) andlag dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsveðs en í því tilviki má nota fjármunina og efnahagslega auðinn til þess að uppfylla skilyrði veðsins eða niðurstöðunnar, að því tilskildu að veðið eða niðurstaðan hafi verið skráð áður en aðilinn eða rekstrareiningin voru felld inn í viðaukann, veðið eða niðurstaðan sé ekki til hagsbóta fyrir aðila eða rekstrareiningu, sem um getur í 1. gr., og að hlutaðeigandi aðildarríki hafi sent nefndinni tilkynningu.

5. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir að tilgreindur aðili eða rekstrareining geti innt af hendi greiðslu samkvæmt samningi, sem var gerður áður en viðkomandi var færður á lista, að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki hafi gengið úr skugga um að aðili eða rekstrareining, er um getur í 1. mgr. 2. gr., veiti ekki fyrrnefndri greiðslu viðtöku með beinum eða óbeinum hætti og eftir að hlutaðeigandi aðildarríki hefur tilkynnt nefndinni, 10 virkum dögum áður en slík heimild er veitt, um þá fyrirætlun að inna fyrrnefnda greiðslu af hendi eða veita henni viðtöku eða að heimila að fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur í þessu skyni.

6. Ákvæði 2. mgr. gildir ekki um viðbætur eftirtalinna fjármuna við frysta reikninga:

a) vaxta eða annarra tekna af fyrrnefndum reikningum eða

b) greiðslna samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem gengið var frá eða urðu til fyrir þann dag þegar fyrrnefndir reikningar urðu viðfang þvingunaraðgerða samkvæmt þessari ákvörðun, að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur falli áfram undir ákvæði 1. mgr.

3. gr.

Ráðið skal ákveða listann í viðaukanum og breyta honum í samræmi við ákvarðanir öryggisráðsins eða nefndarinnar.

4. gr.

1. Tilgreini öryggisráðið eða nefndin aðila eða rekstrareiningu skal ráðið fella slíkan aðila eða rekstrareiningu inn í viðaukann. Ráðið skal tilkynna ákvörðun sína, m.a. ástæðu þess að viðkomandi er skráður á lista, viðkomandi aðila, annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt, eða með útgáfu tilkynningar, og bjóða honum að leggja fram athugasemdir.

2. Komi fram athugasemdir eða séu lögð fram traust, ný gögn, skal ráðið endurskoða ákvörðun sína og tilkynna viðkomandi aðila um niðurstöðuna.

5. gr.

1. Ástæður þess að viðkomandi aðilar og rekstrareiningar eru færð á lista, þær sömu og öryggisráðið eða nefndin færir fram, skulu koma fram í viðaukanum.

2. Í viðaukanum skulu og koma fram upplýsingar, þar sem þær liggja fyrir, sem öryggisráðið eða nefndin láta í té og nauðsynlegar eru til þess að bera kennsl á hlutaðeigandi aðila eða rekstrareiningar. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, þjóðerni, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar rekstrareiningar geta þessar upplýsingar verið m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð.

6. gr.

Breyta ber ákvörðun þessari eða fella hana úr gildi, eftir því sem við á, í samræmi við ákvarðanir öryggisráðsins.

7. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.
Gjört í Brussel 18. desember 2014.

Fyrir hönd ráðsins,

S. Gozi

forseti.

VIÐAUKI

Skrá yfir aðila og rekstrareiningar sem um getur í 1. mgr. 1. gr. og 1. og 2. mgr. 2. gr.

Viðaukinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í listann sem var gerður og er viðhaldið af nefndinni sem var stofnuð samkvæmt ályktun öryggisráðsins 2140 (2014) varðandi einstaklinga, rekstrareiningar, hópa og fyrirtæki (http://www.un.org/sc/committees/2140/sanctions_list.shtml), sbr. 2. gr. reglugerðar þessarar.

FYLGISKJAL 2.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2015/882

frá 8. júní 2015

um breytingu á ákvörðun 2014/932/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 18. desember 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/932/SSUÖ ⁽¹⁾.

2) Hinn 14. apríl 2015 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2216 (2105) þar sem m.a. er sett vopnasölubann á Ali Abdullah Saleh, Abdullah Yahya Al Hakim, Abd Al-Khaliq Al-Huthi og einstaklinga og rekstrareiningar sem nefndin, sem komið er á fót skv. 19. mgr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2140 (2014), tilgreinir. Þetta er með fyrirvara um almennt bann við því að gera efnahagslegan auð aðgengilegan, beint eða óbeint, þessum aðilum eða rekstrareiningum eða að hann verði þeim til ávinnings.

3) Í ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2216 (2015) er einnig lögð áhersla á að meðal aðgerða, sem eru ógnun við frið, öryggi eða stöðugleika í Jemen, geta verið brot á vopnasölubanninu eða hindranir gagnvart mannúðaraðstoð við Jemen eða aðgangi að mannúðaraðstoð í Jemen eða miðlun hennar.

4) Í ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2216 (2015) eru jafnframt tilgreindir tveir einstaklingar sem skulu sæta þvingunaraðgerðum sem settar eru skv. 11. og 15. mgr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2140 (2014).

5) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/932/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2014/932/SSUÖ er breytt sem hér segir:

1) Númeri 1. gr. er breytt og verður 2. gr. a og eftirfarandi lið er bætt við 1. mgr.:

„d) aðgerðir sem brjóta gegn vopnasölubanninu eða hindra mannúðaraðstoð við Jemen eða aðgang að mannúðaraðstoð eða miðlun hennar í Jemen.“

2) Númeri 2. gr. er breytt og verður 2. gr. b og eftirfarandi lið er bætt við 1. mgr.:

„d) aðgerðir sem brjóta gegn vopnasölubanninu eða hindra mannúðaraðstoð við Jemen eða aðgang að mannúðaraðstoð eða miðlun hennar í Jemen.“

3) Í 5. mgr. 2. gr. b komi tilvísun í „1. mgr.“ í stað tilvísunar í „1. mgr. 2. gr.“

4) Eftirfarandi greinar bætist við:

„1. gr.

1. Lagt er bann við því að ríkisborgarar aðildarríkja selji, afhendi, tilfæri eða flytji út, beint eða óbeint, vopn og tengd hergögn af hvaða gerð sem er, þ.m.t. vopn og skotfæri, herfarartæki og -búnaður, búnaður sem ekki er ætlaður ríkisher og varahlutir í fyrrnefnd töl og tæki, til einstaklinga og rekstrareininga, sem tilgreind eru af öryggisráði Sameinuðu þjóðanna eða nefndinni sem komið var á fót skv. 19. mgr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2140 (2014), eða þeim til ávinnings og þeirra sem koma fram fyrir þeirra hönd eða samkvæmt fyrirmælum þeirra í Jemen eða að það sé gert frá yfirráðasvæðum aðildarríkja eða að skip eða loftför undir fána þeirra séu notuð í því skyni, hvort sem fyrrnefnd tæki og töl eru upprunnin á yfirráðasvæðum þeirra eður ei.

Þeir aðilar og rekstrareiningar sem um getur í þessari málsgrein eru tilgreindir í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. Lagt er bann við því:

a) að veita tæknaðstoð, þjálfun eða aðra aðstoð, þ.m.t. að útvega vopnaða málaliða, sem tengist herstarfsemi og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota hvers kyns vopn og tengd hergögn, þ.m.t. vopn og skotfæri, herfarartæki og -búnað, búnað sem ekki er ætlaður ríkisher og varahluti fyrir þau, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingum eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í 1. mgr.,

b) að veita fjármagn eða fjárhagsaðstoð, sem tengist herstarfsemi, þ.m.t. einkanlega styrkir, lán og greiðsluvátryggingar vegna útflutnings, auk vátrygginga og endurtrygginga vegna hvers kyns sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings vopna og tengdra hergagna eða sem tengist því að veita tengda tæknipjónustu með beinum eða óbeinum hætti til einstaklinga eða lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem um getur í 1. mgr.

2. gr.

1. Aðildarríki skulu skoða, í samstöðu við landsyfírvöld og í samræmi við eigin löggjöf og reglur þjóðaréttar, einkum hafrétt og viðeigandi samninga um alþjóðaflugmál, allar farmsendingar til og frá Jemen á yfirráðasvæðum sínum, m.a. í höfnum og á flugvöllum, búi þau yfir upplýsingum sem gefa gilda ástæðu til að ætla að farmurinn innihaldi hluti sem bannað er að afhenda, selja, færa til eða flytja út samkvæmt ákvörðun þessari.

2. Finnist hlutir, sem bannað er, samkvæmt ákvörðun þessari, að afhenda, selja, færa til eða flytja út, skulu aðildarríki leggja hald á þá og losa sig við þá, m.a. með því að farga þeim, gera þá ónothæfa, geyma eða flytja til ríkis, annars en uppruna- eða ákvörðunararríkja, til förgunar.

3. Aðildarríki skulu tafarlaust leggja skriflega framskýrslu fyrir framkvæmdanefndina um þvingunaraðgerðir um eftirlitið, sem um getur í 1. mgr., þar sem einkum kemur fram skýring á ástæðum eftirlitsins, niðurstöður þessa eftirlits og hvort samstarf var viðhaft og hvort bönnuðu hlutirnir fundust. Enn fremur skulu aðildarríkin leggja fyrir framkvæmdanefndina um þvingunaraðgerðir, innan 30 daga, síðari skriflega skýrslu þar sem fram koma upplýsingar sem skipta máli varðandi eftirlitið, haldlagningu og förgun og varðandi tilflutning, þ.m.t. lýsing á hlutunum, uppruna þeirra og fyrirhuguðum ákvörðunarstað, hafi þessar upplýsingar ekki komið fram í framskýrslunni."

2. gr.

Viðaukanum við ákvörðun 2014/932/SSUÖ er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Lúxemborg 8. júní 2015.

Fyrir hönd ráðsins,
D. Reizniece-Ozola
forseti.

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/932/SSUÖ frá 18. desember 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen (Stjtið ESB L 365, 3.3.2011, bls. 147).

VIÐAUKI

I. Í stað fyrirsagnar viðaukans við ákvörðun 2014/932/SSUÖ komi eftirfarandi:

„Skrá yfir aðila og rekstrareiningar sem um getur í 1. mgr. 1. gr., 1. mgr. 2. gr. a og 1. og 2. mgr. 2. gr. b“

II. Eftirtöldum færslum er bætt við skrána sem er sett fram í viðaukanum við ákvörðun 2014/932/SSUÖ:

Færslurnar eru ekki birtar hér en þess í stað vísast í listann sem var gerður og er viðhaldið af nefndinni sem var stofnuð samkvæmt ályktun öryggisráðsins 2140 (2014) varðandi einstaklinga, rekstrareiningar, hópa og fyrirtæki (http://www.un.org/sc/committees/2140/sanctions_list.shtml), sbr. 2. gr. reglugerðar þessarar.

FYLGISKJAL 3.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) nr. 1352/2014

frá 18. desember 2014

um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2014/932/SSUÖ ⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2140 (2014) frá 26. febrúar 2014 kveður ákvörðun 2014/932/SSUÖ á um takmarkanir varðandi komu eða gegnumferð tiltekinnna aðila sem nefndin, sem komið er á fót skv. 19. mgr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2140 (2014), tilgreinir og frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs þeirra.

2) Hinn 7. nóvember 2014 tilgreindi nefndin þrjá einstaklinga sem sæta skulu takmörkunum varðandi komu eða gegnumferð og frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs eins og fram kemur í ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2140 (2014).

3) Tilteknar aðgerðir, sem kveðið er á um í ákvörðun 2014/932/SSUÖ, falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er löggjöf á vettvangi Sambandsins nauðsynleg til þess að hrinda þeim í framkvæmd, einkum til að tryggja sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti þeim með samræmdum hætti.

4) Með reglugerð þessari eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, nánar tiltekið rétturinn til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns og til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi og réttur til verndar persónuupplýsingum. Beita ber ákvæðum reglugerðar þessarar með hliðsjón af þessum réttindum.

5) Vald til að breyta listanum í I. viðauka við reglugerð þessa skal vera í höndum ráðsins í ljósi þeirrar sérstöku ógnunar við frið og öryggi á alþjóðavísu á svæðinu sem ástandið í Jemen skapar og til þess að tryggja samræmi við gildandi aðferð við að breyta og endurskoða viðaukann við ákvörðun 2014/932/SSUÖ.

6) Verklag við breytingar á listanum í I. viðauka við reglugerð þessa ætti að fela í sér að tilkynna tilgreindum einstaklingum eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum ástæðurnar fyrir skráningu þeirra á lista, sem nefndin, sem er komið á fót skv. 19. mgr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2140 (2014), sendir frá sér til þess að gera þeim kleift að gera athugasemdir. Komi fram athugasemdir eða séu ný, traust gögn lögð fram skal ráðið endurskoða ákvörðun sína í ljósi fyrrnefndra athugasemda og upplýsa hlutaðeigandi aðila, rekstrareiningu eða stofnun um niðurstöðuna.

7) Vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar og til að skapa sem mesta réttarvissu innan Sambandsins ætti að birta nöfn og aðrar upplýsingar, sem máli skipta, um þá einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem nauðsynlegt er að frysta fjármuni og efnahagslegan auð hjá samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Öll vinnsla persónuupplýsinga ætti að vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ⁽²⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ⁽³⁾.

8) Reglugerð þessi ætti að öðlast gildi án tafar til þess að tryggt sé að þær aðgerðir sem þar er kveðið á um skili árangri.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „krafa“: hvers kyns krafa, hvort sem staðið er fast á henni í dómsmáli eða ekki, sem er gerð fyrir eða eftir þann dag þegar reglugerð þessi öðlast gildi og er samkvæmt eða tengist samningi eða viðskiptum og felur einkum í sér:

- i. kröfu um efndir skuldbindinga sem leiðir af eða tengjast samningi eða viðskiptum,
- ii. kröfu um framlengingu eða greiðslu skuldabréfs, fjárhagslegrar tryggingar eða skaðleysisbóta í hvaða mynd sem er,
- iii. bótakröfu í tengslum við samning eða viðskipti,
- iv. gagnkröfu,
- v. kröfu um viðurkenningu eða fullnustu, m.a. með exequatur, dóms, úrskurðar gerðardóms eða jafngildrar ákvörðunar, óháð því hvar hann eða hún eru kveðin upp eða tekin,

b) „samningur eða viðskipti“: hvers kyns viðskipti, óháð því hvaða lög gilda um þau, hvort sem um ræðir einn eða fleiri samninga eða á móta skuldbindingar sem sömu eða mismunandi aðilar ganga frá sín á milli; í þessu sambandi felst í hugtakinu „samningur“ skuldabréf, ábyrgð eða skaðleysistrygging, einkum fjárhagsleg trygging eða fjárhagsleg skaðleysistrygging, og lán, hvort sem þau eru lagalega óháð eður ei, einnig tengd ákvæði sem verða til vegna viðskiptanna eða í tengslum við þau,

c) „lögbær stjórnvöld“: lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna eins og þau eru tilgreind á vefsetrunum sem talin eru upp í II. viðauka,

d) „efnahagslegur auður“: eignir af hvers kyns toga, hvort heldur efnislegar eða óefnislegar, lausafé eða fasteignir, sem eru ekki fjármunir, en unnt er að nota til að afla sér fjármuna, vöru eða þjónustu,

e) „frysting efnahagslegs auðs“: að koma í veg fyrir hvers konar nýtingu efnahagslegs auðs í því skyni að afla fjármuna, vara eða þjónustu, þ.m.t. en þó ekki eingöngu með sölu, leigu eða veðsetningu hans,

f) „frysting fjármuna“: að koma í veg fyrir hvers konar flutning, yfirfærslu, breytingu, notkun á, aðgang að eða viðskipti með fjármuni á einhvern hátt sem myndi leiða til breytinga á umfangi þeirra, fjárhæð, staðsetningu, eignarrétti, eignarhaldi, eðli, áfangastað eða annarra breytinga sem gera notkun fjármuna mögulega, þ.m.t. stýring eignasafns,

g) „fjármunir“: hvers konar fjáreignir og ágóði, þ.m.t. en þó ekki eingöngu:

- i. reiðufé, ávísanir, peningakröfur, víxlar, póstávísanir og aðrir greiðslugerningar,
- ii. inneignir hjá fjármálastofnunum eða öðrum rekstrareiningum, inneignir á reikningum, skuldir og fjárskuldbindingar,
- iii. verðbréf eða skuldaskjöl, sem viðskipti eru með á almennum markaði og utan hans, þ.m.t. hlutabréf og eignarhlutir, skírteini fyrir verðbréfum, skuldabréf, skuldaviðurkenningar, ábyrgðir, óverðtryggð skuldabréf og afleiðusamningar,

iv. vextir, arðgreiðslur eða aðrar tekjur eða verðmæti sem safnast upp vegna eigna eða myndast af eignum,

v. lánsviðskipti, réttur til skuldajöfnunar, tryggingar, fullnustuábyrgðir eða aðrar fjárskuldbindingar,

vi. kreditbréf, farmbréf, sölusamningar og

vii. skjöl sem færa sönnur á hlutdeild í fjármunum eða fjármagni,

h) „framkvæmdanefnd um þvingunaraðgerðir“: nefnd öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna sem var komið á fót skv. 19. mgr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2140 (2014),

i) „yfirráðasvæði Evrópusambandsins“: þau yfirráðasvæði aðildarríkjanna sem sáttmálinn tekur til, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í sáttmálanum, þ.m.t. loftrými þeirra.

2. gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn einstaklings eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar er um getur í I. viðauka við þessa reglugerð.

2. Engir fjármunir eða efnahagslegur auður skal gerður aðgengilegur einstaklingum eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, sem tilgreind eru í I. viðauka, með beinum eða óbeinum hætti, eða vera þeim til hagsbóta.

3. gr.

1. Inn í I. viðauka skal fella einstaklinga eða lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem framkvæmdanefnd um þvingunaraðgerðir hefur tilgreint að taki þátt í eða veiti aðstoð við aðgerðir sem eru ógnun við frið, öryggi eða stöðugleika Jemen, þ.m.t. en einskorðast ekki við:

a) aðgerðir sem ógna eða koma í veg fyrir að unnt verði að ljúka pólitísku umbreytingarferli með fullnægjandi hætti eins og það er sett fram í samningi Ssamstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa um fyrirkomulag við frumkvæði og framkvæmd (e. Gulf Cooperation Council (GCC) Initiative and Implementation Mechanism Agreement),

b) aðgerðir sem torvelda framkvæmd niðurstaðna lokaskýrslu víðtæku landsráðstefnunnar um skoðanaskipti (e. Comprehensive National Dialogue Conference) með ofbeldi eða árásum á nauðsynlega innviði,

c) skipulagningu, stjórnun eða framkvæmd verknaða sem brjóta í bága við viðeigandi alþjóðleg mannréttindalög eða alþjóðlegan mannúðarrétt, eða sem eru mannréttindabrot, í Jemen.

2. Í I. viðauka skal tilgreina ástæður þess að viðkomandi einstaklingar eða lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir eru færð á lista.

3. Í I. viðauka skulu og koma fram upplýsingar, liggi þær fyrir, sem öryggisráð SP eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir láta í té og nauðsynlegar eru til að bera kennsl á hlutaðeigandi einstaklinga eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, þjóðerni, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef það er þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir geta þessar upplýsingar verið m.a. heiti, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð. Í I. viðauka komi einnig fram hvaða dag öryggisráðið eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir tilgreindi viðkomandi aðila.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a) viðkomandi lögbært stjórnvald hafi komist að því að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé:

i. nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir þeirra einstaklinga eða lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem taldar eru upp í I. viðauka og aðstandenda á framfæri einstaklinganna, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og lækni meðferðar, skattheimtu, iðgjalda og opinberra þjónustugjalda,

ii. einungis ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun eða til endurgreiðslu kostnaðar vegna lögfræðiþjónustu eða

iii. eingöngu ætlaður til að greiða þóknun eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs og

b) hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um niðurstöðuna, sem um getur í a-lið, og þá fyrirætlun sína að veita heimild og að framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hafi ekki andmælt þeirri tilhögun innan fimm virkra daga frá tilkynningu þar um.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja við eiga, eftir að viðkomandi lögbært stjórnvald hefur ákvarðað að þessir fjármunir eða efnahagslegur auður sé nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda og að því tilskildu að

6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) þeir fjármunir eða sá efnahagslegi auður er um ræðir er andlag dóms-, stjórnvalds- eða gerðardómsveðs, sem stofnaðist fyrir þann dag þegar sá aðili, rekstrareining eða stofnun er um getur í 2. gr. var færð á lista í I. viðauka, eða andlag niðurstöðu dómstóls, stjórnvalds eða gerðardóms fyrir þann dag,
- b) fjármunirnir eða sá efnahagslegi auður er um ræðir verði eingöngu notaður til að uppfylla kröfur, sem fyrrnefnt veð tryggir eða sem viðurkennt er að eru gildar samkvæmt fyrrnefndum dómi eða úrskurði, innan þeirra marka sem gildandi lög og reglur um réttindi þeirra aðila sem eiga slíkar kröfur kveða á um,
- c) að fyrrnefnt veð, dómsuppkvaðning eða úrskurður sé ekki í þágu aðila, rekstrareiningar eða stofnunar er um getur í I. viðauka,
- d) viðurkenning veðsins, dómsuppkvaðningarinnar eða úrskurðarins stríði ekki gegn allsherjarreglu í hlutaðeigandi aðildarríki og
- e) hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um veðið, dómsuppkvaðninguna eða úrskurðinn.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. og að því tilskildu að greiðsla einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er skráð í I. viðauka, eigi að fara fram samkvæmt samningi eða samkomulagi, sem viðkomandi einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun gerðu, eða samkvæmt skuldbindingu, sem honum eða henni bar að sinna fyrir þann dag er öryggisráð Sameinuðu þjóðanna eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir tilgreindi einstaklinginn, lögaðilann, rekstrareininguna eða stofnunina, geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, affrystingu tiltekinna frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs að því tilskildu að viðkomandi lögbær stjórnvöld hafi ákvarðað:

- a) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður skuli notaður sem greiðsla af hálfu einstaklings eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð í I. viðauka,
- b) greiðslan sé ekki brot á ákvæði 2. mgr. 2. gr. og
- c) hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um þá fyrirætlun að veita heimild 10 virkum dögum fyrir fram.

8. gr.

1. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. koma ekki í veg fyrir að fjármála- eða lánastofnanir, sem taka við fjármunum sem þriðju aðilar yfirfæra inn á reikninga einstaklings eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem eru á skrá, færi þá sem tekjur inn á frysta reikninga, að því tilskildu að það viðbótarfé sem þannig er innfært sé einnig fryst. Hlutaðeigandi fjármála- eða lánastofnun skal tilkynna viðkomandi lögbæru stjórnvaldi um þess háttar viðskipti án tafar.

2. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. gildir ekki um eftirtaldar viðbætur við frysta reikninga:

- a) vexti eða aðrar tekjur af fyrrnefndum reikningum,
 - b) greiðslur samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem gengið var frá eða urðu til fyrir þann dag þegar viðkomandi einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem um getur í 2. gr., var færður á lista í I. viðauka eða
 - c) greiðslur, sem inna ber af hendi samkvæmt dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsveði eða dómsuppkvaðningu eða úrskurði stjórnsýslustofnunar eða gerðardóms eins og um getur í 6. gr.,
- að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur séu fryst skv. 1. mgr. 2. gr.

9. gr.

1. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir skulu, með fyrirvara um gildandi reglur um skýrslugjöf, trúnaðarkvöð og þagnarskyldu:

a) beina, án tafar, öllum upplýsingum, sem myndu greiða fyrir því að unnt sé að fara að ákvæðum reglugerðar þessarar, t.d. upplýsingum um reikninga og fjárhæðir, sem eru fryst skv. 2. gr., til viðkomandi lögbærra stjórnvalda í því aðildarríki þar sem þeir eða þær hafa heimilisfesti eða eru staðsettir eða staðsettar, og senda framkvæmdastjórninni þessar upplýsingar milliliðalaust eða fyrir atbeina aðildarríkisins og

b) vinna með viðkomandi lögbæru stjórnvaldi að því að sannreyna upplýsingarnar.

2. Allar viðbótarupplýsingar, sem framkvæmdastjórnin veitir viðtöku beint, skulu gerðar aðgengilegar aðildarríkjunum.

3. Allar upplýsingar, sem eru látnar í té eða veitt viðtaka samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, eru eingöngu ætlaðar til notkunar í sama tilgangi og leiddi til þess að þær voru veittar eða þeim veitt viðtaka.

10. gr.

Lagt skal bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að þær aðgerðir, er um getur í 2. gr., séu sniðgengnar.

11. gr.

1. Ef fjármunir eða efnahagslegur auður er frystur, eða ef synjað er um aðgang að fjármunum eða efnahagslegum auði, í góðri trú á þeirri forsendu að slík aðgerð sé í samræmi við reglugerð þessa, bera þeir einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir, sem annast slíka framkvæmd eða hlutaðeigandi stjórnendur eða starfsmenn, ekki ábyrgð af neinu tagi, nema sannað þyki að fjármunirnir og hinn efnahagslegi auður hafi verið frystir eða synjað hafi verið um aðgang að þeim af gáleysi.

2. Aðgerðir einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana skapar þeim ekki ábyrgð af neinu tagi, ef þeir eða þær vissu ekki, og höfðu enga réttmæta ástæðu til að ætla, að aðgerðir þeirra myndu fara í bága við þau bönn sem sett eru í þessari reglugerð.

12. gr.

1. Óheimilt er að efna kröfur sem tengjast samningi eða viðskiptum þegar aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari, hafa áhrif á framkvæmd þeirra með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, þ.m.t. kröfur um skaðleysisbætur eða aðrar ámóta kröfur, t.d. kröfur um skuldajöfnuð eða kröfur samkvæmt ábyrgðarloforði, einkum framlengingar- eða greiðslukröfur vegna skuldabréfa, ábyrgðar eða skaðleysisbóta og þá sérstaklega fjárhagslegrar ábyrgðar eða skaðleysisbóta, í hvaða mynd sem er, ef slíkar kröfur eru settar fram af:

a) tilgreindum einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem skráð eru í I. viðauka,

b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem starfar gegnum eða fyrir hönd einhvers þeirra aðila, rekstrareininga eða stofnana er um getur í a-lið.

2. Þegar mál er til meðferðar vegna fullnægingar kröfu skal sönnunarbyrði vegna þeirrar fullyrðingar að eigi sé bannað eftir ákvæðum 1. mgr. að efna kröfuna hvíla á þeim einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem leitar eftir því að kröfunni verði fullnægt.

3. Ákvæði þessarar greinar eru með fyrirvara um rétt þeirra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga og stofnana, er um getur í 1. mgr., til að skjóta málum til dómstóla sem skeri úr um lögmati þess að samningsbundnar skyldur séu ekki uppfylltar í samræmi við reglugerð þessa.

13. gr.

1. Framkvæmdastjórnin og aðildarríki skulu upplýsa hvert annað um þær ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari og veita hvert öðru aðrar upplýsingar, sem máli skipta og þau búa yfir, í tengslum við reglugerð þessa, einkum upplýsingar:

a) um frysta fjármuni skv. 2. gr. og heimildir sem veittar eru skv. 4., 5., 6. og 7. gr.,

b) um brot á ákvæðum hennar og vandkvæði samfara framkvæmd hennar, ásamt upplýsingum um dóma innlendra dómstóla.

2. Aðildarríkin skulu tafarlaust upplýsa hvert annað og framkvæmdastjórnina um aðrar viðeigandi upplýsingar sem þau búa yfir og gætu haft áhrif á skilvirka framkvæmd reglugerðar þessarar.

14. gr.

Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að breyta II. viðauka á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin láta í té.

15. gr.

1. Skrái öryggisráð Sameinuðu þjóðanna eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir einstakling eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun á lista og leggur fram greinargerð um ástæður þess að viðkomandi er skráður á listann skal ráðið fella slíkan einstakling eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun inn í I. viðauka. Ráðið skal tilkynna ákvörðun sína og leggja fram greinargerð um ástæður þess að viðkomandi er skráður á lista til hlutaðeigandi einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt, eða með útgáfu tilkynningar þar sem þeim einstaklingi eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun býðst að leggja fram athugasemdir sínar.

2. Ef athugasemdir eru gerðar eða traust, ný gögn lögð fram skal ráðið endurskoða ákvörðun sína og upplýsa viðkomandi aðila, rekstrareiningu eða stofnun um niðurstöðuna.

3. Ákveði öryggisráð Sameinuðu þjóðanna eða framkvæmdanefnd um þvingunaraðgerðir að taka aðila, rekstrareiningu eða stofnun af lista eða breyta auðkennisgögnum um færslu aðila, rekstrareiningar eða stofnunar á lista skal ráðið gera viðeigandi breytingar á I. viðauka.

16. gr.

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, meðalhófskennd og hafa varnaðaráhrif.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar reglur strax eftir að reglugerð þessi öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.

17. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilnefna þau lögbæru stjórnvöld er um getur í reglugerð þessari og tilgreina þau á vefsetrunum sem talin eru upp í II. viðauka. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar breytingar á vefköngum vefsetra sinna sem eru talin upp í II. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um hver lögbær stjórnvöld þeirra eru, m.a. um hvernig ná má sambandi við þau, strax eftir að þessi reglugerð öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.

3. Sé gerð krafa, samkvæmt reglugerð þessari, um að senda framkvæmdastjórninni tilkynningar eða upplýsingar eða hafa samband við hana á annan hátt skulu heimilisfang og aðrar samskiptaupplýsingar, sem nota skal til slíkra samskipta, vera þau sem gefin eru upp í II. viðauka.

18. gr.

Reglugerð þessi gildir:

- a) á yfirráðasvæði Evrópusambandsins, þ.m.t. í loftþrymi þess,
- b) um borð í loftförum eða skipum sem lögsaga aðildarríkis nær til,
- c) um sérhvern aðila innan eða utan yfirráðasvæðis Evrópusambandsins sem er ríkisborgari í aðildarríki,
- d) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, innan eða utan yfirráðasvæðis Sambandsins, sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis,
- e) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun að því er varðar viðskipti sem fara fram, að öllu leyti eða að hluta, innan Sambandsins.

19. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.
Gjört í Brussel 18. desember 2014.

*Fyrir hönd ráðsins,
S. Gozi
forseti.*

(1) Ákvörðun ráðsins 2014/932/SSUÖ frá 18. desember 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen (Stjtið. ESB L 365, 19.12.2014, bls. 147).

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, p. 1).

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

I. VIÐAUKI

Skrá yfir aðila, rekstrareiningar og stofnanir sem um getur í 2. gr.

Viðaukinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í listann sem var gerður og er viðhaldið af nefndinni sem var stofnuð samkvæmt ályktun öryggisráðsins nr. 2140 (2014) varðandi einstaklinga, rekstrareiningar, hópa og fyrirtæki (http://www.un.org/sc/committees/2140/sanctions_list.shtml), sbr. 2. gr. reglugerðar þessarar.

II. VIÐAUKI

Vefsetur með upplýsingum um lögbær stjórnvöld

og heimilisfang fyrir tilkynningar til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins

Viðaukinn er ekki birtur hér þar sem hann á ekki við, sbr. f-lið 3. gr. reglugerðar þessarar.

FYLGISKJAL 4. REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2015/878 frá 8. júní 2015

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1352/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2014/932/SSUÖ frá 18. desember 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen ⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórninni,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun ráðsins 2014/932/SSUÖ kemur til framkvæmda ályktun öryggisráðs SP nr. 2140 (2014) frá 26. febrúar 2014 þar sem kveðið er á um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen og aðgangstakmarkanir og frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs tiltekinn aðila sem nefndin, sem er komið á fót skv. 19. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2140 (2014), tilgreinir.

2) Með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1352/2014 ⁽²⁾ er ákvörðun 2014/932/SSUÖ komið til framkvæmda.

3) Hinn 14. apríl 2015 samþykkti öryggisráð SP ályktun nr. 2216 (2015) um að víkka út gildissvið viðmiðana fyrir tilgreiningu og um bann við afhendingu vopna til, eða í þágu, tilgreindra einstaklinga og rekstrareininga og þeirra sem koma fram fyrir þeirra hönd eða samkvæmt fyrirmælum þeirra í Jemen. Í ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/882 ⁽³⁾ um breytingu á ákvörðun 2014/932/SSUÖ ákvað ráðið að víkka út gildissvið þessara viðmiðana til samræmis við það.

4) Sumar þessara aðgerða falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg til að hrinda þeim í framkvæmd, einkum til að tryggja að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti þeim með sama hætti.

5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 1352/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 1352/2014 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liður bætist við 1. gr.:

„j) „tækniaðstoð“: tæknilegur stuðningur í tengslum við viðgerðir, þróun, framleiðslu, samsetningu, prófun, viðhald eða hvers konar aðra tæknilega þjónustu og getur verið í formi kennslu, ráðgjafar, þjálfunar, yfirfærslu verkþekkingar eða -kunnáttu eða ráðgjafarþjónustu, þ.m.t. munnleg aðstoð.“

2) Eftirfarandi grein bætist við:

„1. gr. a

Lagt er bann við því:

a) að veita tækniaðstoð sem tengist herstarfsemi og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota vopn og tengd hergögn af hvers kyns tagi, þ.m.t. vopn og skotfæri, herfarartæki og -búnað, búnað sem ekki er ætlaður ríkisher og varahluti í þau, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sbr. listann í I. viðauka,

b) að veita fjármagn eða fjárhagsaðstoð, sem tengist herstarfsemi, þ.m.t. einkum styrkir, lán og greiðsluvátryggingar vegna útflutnings, svo og tryggingar og endurtryggingar, vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings vopna og tengdra hergagna eða sem tengist því að veita tengda tækniþjónustu með beinum eða óbeinum hætti til einstaklinga eða lögaðila, rekstrareininga eða stofnana, sbr. listann í I. viðauka.“

3) Eftirfarandi liður bætist við 1. mgr. 3. gr.:

„d) aðgerðir sem brjóta gegn vopnasölubanninu sem lagt var á skv. 1. gr. ákvörðunar 2014/932/SSUÖ eða hindra mannúðaraðstoð við Jemen eða aðgang að mannúðaraðstoð eða úthlutun hennar í Jemen.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 8. júní 2015.

Fyrir hönd ráðsins,

D. Reizniece-Ozola

forseti.

(1) Stjtið. ESB L 365, 19.12.2014, bls. 147.

(2) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1352/2014 frá 18. desember 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen (Stjtið. ESB L 365, 19.12.2014, bls. 60).

(3) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/882 frá 8. júní 2015 um breytingu á ákvörðun 2014/932/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen (Stjtið. ESB L 143, 9.6.2015, bls. 11).

FYLGISKJAL 5.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2015/879**

frá 8. júní 2015

um framkvæmd 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1352/2014 frá 18. desember 2014

um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen

Textinn sem kemur fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð þessa kemur í stað I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1352/2014.

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

Viðaukinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í listann sem var gerður og er viðhaldið af nefndinni sem var stofnuð samkvæmt ályktun öryggisráðsins 2140 (2014) varðandi einstaklinga, rekstrareiningar, hópa og fyrirtæki (http://www.un.org/sc/committees/2140/sanctions_list.shtml), sbr. 2. gr. reglugerðar þessarar.“

FYLGISKJAL 1.2.

frá 26. október 2015

um framkvæmd ákvörðunar 2014/932/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen

Viðaukanum við ákvörðun 2014/932/SSUÖ skal breytt í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa.
(Efnisútdráttur)

VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1452865947089&uri=CELEX:32015D1927>.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

FYLGISKJAL 2.3.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2015/1920**

frá 26. október 2015

um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 1352/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen

I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1352/2014 skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa.
(Efnisútdráttur)

VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1452865947089&uri=CELEX:32015R1920>.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

FYLGISKJAL 1.3.

Fylgiskjal 1.3.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2016/1747

frá 29. september 2016

**um framkvæmd ákvörðunar 2014/932/SSUÖ um þvingunaraðgerðir
í ljósi ástandsins í Jemen.**

Viðauka við ákvörðun 2014/932/SSUÖ er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við ákvörðun þessa.
(Efnisútdráttur.)

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2016/1747/oj.
Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða eru birtir á vef Stjórnartíðinda

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.
Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:
https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.

FYLGISKJAL 1.4.

Fylgiskjal 1.4.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2017/634

frá 3. apríl 2017

um framkvæmd ákvörðunar 2014/932/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen.

Viðauka við ákvörðun 2014/932/SSUÖ er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við ákvörðun þessa.
(Efnisútdráttur.)

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2017/634/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vefjum, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.
Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:
https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.

FYLGISKJAL 1.5.

Fylgiskjal 1.5.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2018/694

frá 7. maí 2018

um framkvæmd ákvörðunar 2014/932/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen.

Viðauka við ákvörðun 2014/932/SSUÖ er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við ákvörðun þessa.
(Efnisútdráttur.)

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2018/694/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vefjum, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.
Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:
https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.

FYLGISKJAL 1.6.

Fylgiskjal 1.6.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2020/490

frá 2. apríl 2020

um breytingu á ákvörðun 2014/932/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,
með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 18. desember 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/932/SSUÖ(1) um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen.
- 2) Hinn 25. febrúar 2020 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2511 (2020) þar sem það lýsti yfir áhyggjum af yfirstandandi stjórnmála-, öryggis-, efnahags- og mannúðaráskorunum í Jemen og ítrekaði hvatningu sína til allra málsaðila í Jemen um að leysa ágreining sinn með viðræðum og samráði.
- 3) Í ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2511 (2020) er lögð áhersla á mikilvægi þess að greiða fyrir mannúðaraðstoð og kveðið á um að nefndin, sem komið er á fót með 19. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2140 (2014), geti, í hverju tilviki fyrir sig, veitt hvers kyns aðgerðum undanþágu frá þeim refsiaðgerðum sem öryggisráðið mælti fyrir um í ályktunum nr. 2140 (2014) og nr. 2216 (2015) ef nefndin ákveður að slík undanþága sé nauðsynleg til að greiða fyrir starfi Sameinuðu þjóðanna og annarra mannúðarsamtaka í Jemen eða í einhverjum öðrum tilgangi sem samrýmist markmiðum þessara ályktana.
- 4) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2511 (2020) er einnig staðfest að kynferðislegt ofbeldi í vopnuðum átökum eða það að kveðja börn til herþjónustu eða nota þau í vopnuðum átökum, sem er brot á alþjóðalögum, gæti talist vera verknaður, eins og tilgreint er í c-lið 18. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2140 (2014), og þar með verknaður sem fellur undir refsiaðgerðir og felur í sér að taka þátt í eða veita aðstoð við aðgerðir sem eru ógn við frið, öryggi eða stöðugleika í Jemen, eins og lýst er í 17. mgr. þeirrar ályktunar.
- 5) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda í framkvæmd tilteknum aðgerðum í ákvörðun þessari.
- 6) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/932/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2014/932/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað c-liðar 1. mgr. 2. gr. a kemur eftirfarandi:
„c) skipulagningu, stjórnun eða framkvæmd verknaða sem brjóta í bága við viðeigandi alþjóðleg mannréttindalög eða alþjóðlegan mannúðarrétt, eða sem eru mannréttindabrot í Jemen, þ.m.t. kynferðislegt ofbeldi í vopnuðum átökum eða að kveðja börn til herþjónustu eða nota þau í vopnuðum átökum sem er brot á alþjóðalögum eða“
- 2) Í stað c-liðar 1. mgr. 2. gr. b kemur eftirfarandi:
„c) skipulagningu, stjórnun eða framkvæmd verknaða sem brjóta í bága við viðeigandi alþjóðleg mannréttindalög eða alþjóðlegan mannúðarrétt, eða sem eru mannréttindabrot í Jemen, þ.m.t. kynferðislegt ofbeldi í vopnuðum átökum eða að kveðja börn til herþjónustu eða nota þau í vopnuðum átökum sem er brot á alþjóðalögum eða“
- 3) Eftirfarandi grein er bætt við:
„6. gr a.
Þrátt fyrir aðgerðirnar, sem mælt er fyrir um í ályktunum öryggisráðs SP nr. 2140 (2014) og nr. 2216 (2015), skal lögbært stjórnvald aðildarríkis veita nauðsynlega heimild, að því tilskildu að framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hafi ákveðið í hverju tilviki fyrir sig að undanþága sé nauðsynleg til að greiða fyrir starfi Sameinuðu þjóðanna og annarra mannúðarsamtaka í Jemen eða í einhverjum öðrum tilgangi sem samrýmist markmiðum þessara ályktana.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 2. apríl 2020.

Fyrir hönd ráðsins,
forseti.

A. METELKO-ZGOMBIĆ

(1) Ákvörðun ráðsins 2014/932/SSUÖ frá 18. desember 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen (Stjtið. ESB L 365, 19.12.2014, bls. 147).

FYLGISKJAL 1.7.

Fylgiskjal 1.7.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2021/398
frá 5. mars 2021
um framkvæmd ákvörðunar 2014/932/SSUÖ um þvingunaraðgerðir
í ljósi ástandsins í Jemen.

Viðauka við ákvörðun 2014/932/SSUÖ er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við ákvörðun þessa.
(Efnisútdráttur.)

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2021/398/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vefjum, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frýstingu fjármuna er hér:

[https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list)

FYLGISKJAL 1.8.

Fylgiskjal 1.8.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2021/2016
frá 18. nóvember 2021
um framkvæmd ákvörðunar 2014/932/SSUÖ um þvingunaraðgerðir
í ljósi ástandsins í Jemen.

Viðauka við ákvörðun 2014/932/SSUÖ er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við ákvörðun þessa.
(Efnisútdráttur.)

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2021/2016/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vefjum, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frýstingu fjármuna er hér:

[https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list)

FYLGISKJAL 1.9.

Fylgiskjal 1.9.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/420

frá 14. mars 2022

um framkvæmd ákvörðunar 2014/932/SSUÖ um þvingunaraðgerðir
í ljósi ástandsins í Jemen.

Viðauka við ákvörðun 2014/932/SSUÖ er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við ákvörðun þessa.
(Efnisútdráttur.)

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2022/420/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vefjum, sbr. 3.

mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.

FYLGISKJAL 1.10.

Fylgiskjal 1.10.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/1902

frá 6. október 2022

um framkvæmd ákvörðunar 2014/932/SSUÖ um þvingunaraðgerðir
í ljósi ástandsins í Jemen.

Viðauka við ákvörðun 2014/932/SSUÖ er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við ákvörðun þessa.
(Efnisútdráttur.)

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2022/1902/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vefjum, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.

FYLGISKJAL 1.11.

Fylgiskjal 1.11.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/2035

frá 24. október 2022

um framkvæmd ákvörðunar 2014/932/SSUÖ um þvingunaraðgerðir
í ljósi ástandsins í Jemen.

Viðauka við ákvörðun 2014/932/SSUÖ er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við ákvörðun þessa.
(Efnisútdráttur.)

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2022/2035/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vefjum, sbr. 3.

mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.

FYLGISKJAL 2.4.

Fylgiskjal 2.4.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2016/1737

frá 29. september 2016

um framkvæmd 3. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1352/2014

um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen.

I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1352/2014 er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við ákvörðun þessa.

(Efnisútdráttur.)

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2016/1737/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vefjum, sbr. 3.

mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.

FYLGISKJAL 2.5.

Fylgiskjal 2.5.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2017/628

frá 3. apríl 2017

um framkvæmd 3. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1352/2014 um þvingunaraðgerðir

í ljósi ástandsins í Jemen.

I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1352/2014 er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við ákvörðun þessa.

(Efnisútdráttur.)

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2017/628/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vefjum, sbr. 3.

mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.

FYLGISKJAL 2.6.

Fylgiskjal 2.6.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2018/689

frá 7. maí 2018

um framkvæmd 3. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1352/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen.

I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1352/2014 er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við ákvörðun þessa.

(Efnisútdráttur.)

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2018/689/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vefjum, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.

FYLGISKJAL 2.7.

Fylgiskjal 2.7.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2020/488

frá 2. apríl 2020

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1352/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen.

RÁÐ		EVRÓPUSAMBANDSINS		HEFUR,	
með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,		með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2014/932/SSUÖ frá 18. desember 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi		ástandsins	
		í		Jemen(1),	
með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og		framkvæmdastjórn		Evrópusambandsins,	
og	að	teknu	tilliti	til	eftirfarandi:
1)	Hinn 18. desember 2014	samþykkti ráðið	reglugerð (ESB) nr. 1352/2014(2).		
2)	Hinn 25. febrúar 2020	samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna	ályktun nr. 2511 (2020).		
3)	Í ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna (UNSCR) nr. 2511 (2020) er lögð áhersla á mikilvægi þess að				

(2014) megi, í hverju tilviki fyrir sig, heimila starfsemi sem er nauðsynleg til að greiða fyrir starfsemi Sameinuðu þjóðanna og annarra mannúðarstofnana í Jemen eða í öðrum tilgangi sem samrýmist markmiðum ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2140 (2014) og ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2216 (2015).

4) Í ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2511 (2020) er einnig tilgreint að kynferðislegt ofbeldi í vopnuðum átökum og það að taka börn í þjónustu sína eða nota þau í vopnuðum átökum og brjóta þannig gegn gildandi reglum þjóðaréttar séu verknaðir sem varði refsiaðgerðum.

5) Hinn 2. apríl 2020 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) nr. 2020/490(3) um breytingu á ákvörðun 2014/932/SSUÖ í samræmi við ályktun öryggisráðs SP nr. 2511 (2020).

6) Nokkrar þessara breytinga falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Evrópusambandsins nauðsynleg til að hrinda þeim í framkvæmd, einkum til að tryggja sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti þeim með samræmdum hætti.

7) Því ætti að breyta reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1352/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1352/2014 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi kemur í stað 1. mgr. 3. gr.:

„1. Inn í I. viðauka skal fella einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hefur tilgreint að taki þátt í eða veiti aðstoð við aðgerðir sem eru ógn við frið, öryggi eða stöðugleika í Jemen, þ.m.t. en einskorðast ekki við:

a) aðgerðir sem ógna eða grafa undan því að unnt verði að ljúka pólitísku umbreytingarferli með fullnægjandi hætti eins og það er sett fram í samningi Samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa um fyrirkomulag varðandi frumkvæði og framkvæmd (e. Gulf Cooperation Council (GCC) Initiative and Implementation Mechanism Agreement),

b) aðgerðir sem torvelda framkvæmd niðurstaðna lokaskýrslu víðtæku landsráðstefnunnar um skoðanaskipti (e. Comprehensive National Dialogue Conference) með ofbeldi eða árásum á nauðsynlega innviði,

c) skipulagningu, stjórnun eða framkvæmd verknaða sem brjóta í bága við víðeigandi alþjóðleg mannréttindalög eða alþjóðlegan mannúðarrétt, eða sem eru mannréttindabrot, í Jemen, þ.m.t. kynferðislegt ofbeldi í vopnuðum átökum eða það að taka börn í þjónustu sína eða nota þau í vopnuðum átökum og brjóta þannig gegn gildandi reglum þjóðaréttar,

d) aðgerðir sem brjóta gegn vopnasölubanninu sem lagt var á skv. 1. gr. ákvörðunar 2014/932/SSUÖ eða hindra mannúðaraðstoð við Jemen eða aðgang að mannúðaraðstoð eða úthlutun hennar í Jemen.“

2) Eftirfarandi grein bætist við:

„3. gr. a

Þrátt fyrir 1. gr. a og 2. gr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna heimilað:

a) að láta í té tækniaðstoð, fjármögnun eða fjárhagsaðstoð sem tengist starfseminni sem lýst er í 1. gr. a,

b) að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja víðeigandi og að því tilskildu að framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hafi ákvarðað í hverju tilviki fyrir sig að undanþága sé nauðsynleg til að greiða fyrir störfum Sameinuðu þjóðanna og annarra mannúðarstofnana í Jemen eða í öðrum tilgangi sem samrýmist markmiðum ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2140 (2014) og ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2216 (2015).“

3) Í stað a-liðar 1. mgr. 13. gr. kemur eftirfarandi:

„a) um frysta fjármuni skv. 2. gr. og heimildir sem veittar eru skv. 3. gr. a, 4., 5., 6. og 7. gr.“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. apríl 2020.

Fyrir hönd ráðsins,
forseti.

A. METELKO-ZGOMBIĆ

(1) Stjtið. ESB L 365, 19.12. 2014, bls. 147.

(2) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1352/2014 frá 18. desember 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen (Stjtið. ESB L 365, 19.12.2014, bls. 60).

(3) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2020/490 frá 2. apríl 2020 um breytingu á ákvörðun 2014/932/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen (Stjtið. ESB L 105, 3.4.2020, bls. 7).

FYLGISKJAL 2.8.

Fylgiskjal 2.8.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2021/397

frá 5. mars 2021

um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 1352/2014 um þvingunaraðgerðir
í ljósi ástandsins í Jemen.

I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1352/2014 er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við ákvörðun þessa.
(Efnisútdráttur.)

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/397/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vefjum, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frýstingu fjármuna er hér:

[https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list)

FYLGISKJAL 2.9.

Fylgiskjal 2.9.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2021/2015

frá 18. nóvember 2021

um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 1352/2014 um þvingunaraðgerðir
í ljósi ástandsins í Jemen.

I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1352/2014 er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við reglugerð þessa.
(Efnisútdráttur.)

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/2015/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vefjum, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.

FYLGISKJAL 2.10.

Fylgiskjal 2.10.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2022/1901

frá 6. október 2022

um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 1352/2014 um þvingunaraðgerðir
í ljósi ástandsins í Jemen.

I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1352/2014 er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við reglugerð þessa.

(Efnisútdráttur.)

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/1901/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vefjum, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.

FYLGISKJAL 2.11.

Fylgiskjal 2.11.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2022/2034

frá 24. október 2022

um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 1352/2014 um þvingunaraðgerðir
í ljósi ástandsins í Jemen.

I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1352/2014 er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við reglugerð þessa.

(Efnisútdráttur.)

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/2034/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vefjum, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.

FYLGISKJAL 1.12.

Fylgiskjal 1.12.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2023/338

frá 14. febrúar 2023

um breytingu á tilteknum ákvörðunum ráðsins og sameiginlegum afstöðum að því er varðar þvingunaraðgerðir í því skyni að bæta við ákvæðum um undanþágur af mannúðarástæðum

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 9. desember 2022 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2664 (2022) sem vísar til fyrri ályktana um að leggja á refsiaðgerðir til að bregðast við ógnum við frið og öryggi á alþjóðavettvangi og leggur áherslu á að ráðstafanir sem aðildarríki SP grípa til í því skyni að framkvæma refsiaðgerðir fari að skuldbindingum þeirra samkvæmt alþjóðalögum og að þeim sé ekki ætlað að hafa neikvæð mannúðaráhrif á óbreytta borgara eða á mannúðaraðstoð eða þau sem veita hana.

2) Þar sem það lýsir sig reiðubúið til að endurskoða, leiðrétta og slíta, ef við á, refsiaðgerðum, sem taka tillit til þess hvernig aðstæður á jörðu niðri þróast og þess að nauðsynlegt er að lágmarka óráðgerð neikvæð áhrif á mannúðarmál, ákvað öryggisráð Sameinuðu þjóðanna í 1. mgr. ályktunar nr. 2664 (2022) að útvegum, vinnsla eða greiðsla fjármuna, annarra fjáreigna eða efnahagslegs auðs eða útvegum vara og þjónustu sem nauðsynleg er til að tryggja að veita megi tímanlega mannúðaraðstoð eða styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks sé heimil og brjóti ekki gegn frýstingu eigna sem lögð er á af öryggisráðinu eða framkvæmdanefndum um þvingunaraðgerðir. Í þessari ákvörðun er 1. mgr. ályktunar nr. 2664 (2022) nefnd „undanþága af mannúðarástæðum“. Undanþága af mannúðarástæðum á við um tiltekna aðila eins og sett er fram í þeirri ályktun.

3) Í ályktun nr. 2664 (2022) er áhersla lögð á að ef undanþága af mannúðarástæðum stangast á við fyrri ályktanir skuli hún koma í stað slíkra fyrri ályktana að því markisem um slíkan árekstur er að ræða. Í ályktun nr. 2664 (2022) er þó skýrt að 1. mgr. ályktunar öryggisráðsins nr. 2615 (2021) gildir áfram.

4) Í ályktun nr. 2664 (2022) er þess krafist að veitendur sem reiða sig á undanþágu af mannúðarástæðum geri eðlilegar ráðstafanir til að lágmarka hvers kyns ávinning sem er bannaður samkvæmt refsiaðgerðum, hvort sem er vegna beinnar eða óbeinnar veitingar eða ólöglegrar notkunar, fyrir tilgreinda einstaklinga eða rekstrareiningar, þ.m.t. með því að styrkja áætlanir og ferli vegna áhættustjórnunar og áreiðanleikakönnunar.

5) Nauðsynlegt er að breyta ákvörðunum ráðsins 2010/231/SSUÖ(1), 2013/798/SSUÖ(2), 2014/932/SSUÖ(3), (SSUÖ) 2022/2319(4) og sameiginlegum afstöðum ráðsins 2003/495/SSUÖ(5) og 2005/888/SSUÖ(6) til samræmis við það.

6) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda í framkvæmd tilteknum aðgerðum í ákvörðun þessari.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun	2014/932/SSUÖ	er	breytt	sem	hér	segir:
1) Eftirfarandi	málgrein	bætist	við	í	2. gr.	b:
„7. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda um útvegum, vinnslu eða greiðslu fjármuna, annarra fjáreigna eða efnahagslegs auðs eða útvegum vara og þjónustu sem nauðsynleg er til að tryggja að veita megi tímanlega mannúðaraðstoð eða styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks þegar slík aðstoð og önnur starfsemi er framkvæmd af hálfu:						

- a) Sameinuðu þjóðanna, þ.m.t. áætlana þeirra, fjármuna og annarra rekstrareininga og stofnana, sem og sérstofnana þeirra og tengdra stofnana,
- b) alþjóðastofnana,
- c) stofnana á sviði mannúðarmála sem hafa stöðu áheyrnarfulltrúa á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og aðila að þessum mannúðarstofnunum,
- d) frjálsra félagasamtaka með tvíhliða eða marghliða fjármögnun sem taka þátt í viðbragðsáætlunum Sameinuðu þjóðanna um mannúðaraðstoð, viðbragðsáætlunum vegna flóttafólks, öðrum áköllum Sameinuðu þjóðanna eða klösum á sviði mannúðarmála sem samhfingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum samhfir,
- e) starfsfólks, styrkþega, dótturfélaga eða framkvæmdaraðila þeirra rekstrareininga sem um getur í a- til d-lið á meðan og að því marki sem þeir starfa í þessum stöðum eða
- f) annarra viðeigandi aðila eins og framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir ákvarðar.“

2) Í stað 6. gr. a kemur eftirfarandi:

„6. gr. a

Með fyrirvara um ákvæði 7. mgr. 2. gr. b, þrátt fyrir aðgerðirnar, sem mælt er fyrir um í ályktunum öryggisráðs SP nr. 2140 (2014) og nr. 2216 (2015), skal lögbært stjórnvald aðildarríkis veita nauðsynlega heimild, að því tilskildu að framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hafi ákveðið í hverju tilviki fyrir sig að undanþága sé nauðsynleg til að greiða fyrir starfi Sameinuðu þjóðanna og annarra mannúðarsamtaka í Jemen eða í einhverjum öðrum tilgangi sem samrýmist markmiðum þessara ályktana.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2023.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

E. SVANTESSON

(1) Ákvörðun ráðsins 2010/231/SSUÖ frá 26. apríl 2010 um þvingunaraðgerðir gegn Sómalíu og niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2009/138/SSUÖ (Stjtið. ESB L 105, 27.4.2010, bls. 17).

(2) Ákvörðun ráðsins 2013/798/SSUÖ frá 23. desember 2013 um þvingunaraðgerðir gegn Mið-Afríkulýðveldinu (Stjtið. ESB L 352, 24.12.2013, bls. 51).

(3) Ákvörðun ráðsins 2014/932/SSUÖ frá 18. desember 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen (Stjtið. ESB L 365, 19.12.2014, bls. 147).

(4) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/2319 frá 25. nóvember 2022 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins á Haítí (Stjtið. ESB L 307, 28.11.2022, bls. 135).

(5) Sameiginleg afstaða ráðsins 2003/495/SSUÖ frá 7. júlí 2003 um Írak og niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 96/741/SSUÖ og 2002/599/SSUÖ (Stjtið ESB. L 169, 8.7.2003, bls. 72).

(6) Sameiginleg afstaða ráðsins 2005/888/SSUÖ frá 12. desember 2005 um tiltekna þvingunaraðgerðir gegn tilteknum aðilum sem grunaðir eru um aðild að morðinu á Rafiq Hariri, fyrrum forsætisráðherra Líbanons (Stjtið. ESB L 327, 14.12.2005, bls. 26).

FYLGISKJAL 2.12.

Fylgiskjal 2.12.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2023/331

frá 14. febrúar 2023

um breytingu á tilteknum reglugerðum ráðsins um þvingunaraðgerðir í því skyni að bæta við ákvæðum um undanþágur af mannúðarástæðum

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,
með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Evrópusambandið getur beint þvingunaraðgerðum, þ.m.t. frýstingu fjármuna og efnahagslegs auðs, gegn tilgreindum einstaklingum eða lögaðilum, rekstrareiningum og stofnunum. Reglugerðir ráðsins koma slíkum aðgerðum til framkvæmda.

2) Hinn 9. desember 2022 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna („öryggisráðið“) ályktun nr. 2664 (2022). Með 1. mgr. þeirrar ályktunar er innleidd undanþága frá refsiaðgerðum í formi frýstingar eigna, sem öryggisráðið eða framkvæmdanefnd þess um þvingunaraðgerðir beitir, vegna mannúðaraðstoðar og annarrar starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks, sem gildir um tiltekna aðila. Í þessari reglugerð er 1. mgr. ályktunar nr. 2664 (2022) nefnd „undanþága af mannúðarástæðum“.

3) Hinn 14. febrúar 2023 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2023/338(1) til að koma ályktun nr. 2664 (2022) til framkvæmda í lögum Sambandsins.

4) Í ályktun nr. 2664 (2022) er áhersla lögð á að ef undanþága af mannúðarástæðum stangast á við fyrri ályktanir skuli hún koma í stað slíkra fyrri ályktana að því markisem um slíkan árekstur er að ræða. Í ályktun nr. 2664 (2022) er þó skýrt að 1. mgr. ályktunar öryggisráðsins nr. 2615 (2021) gildir áfram.

5) Í ályktun nr. 2664 (2022) er þess krafist að veitendur sem reiða sig á undanþágu af mannúðarástæðum geri eðlilegar ráðstafanir til að lágmarka hvers kyns ávinning sem er bannaður samkvæmt refsiaðgerðum, hvort sem er vegna beinnar eða óbeinnar veitingar eða ólöglegrar notkunar, fyrir einstaklinga eða rekstrareiningar sem eru á skrá samkvæmt viðkomandi reglugerð, þ.m.t. með því að styrkja áætlanir og ferli vegna áhættustjórnunar og áreiðanleikakannana.

6) Breytingarnar falla undir gildissvið sáttmálans og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg til að hrinda þeim í framkvæmd, einkum til að tryggt sé að þeim sé beitt með samræmdum hætti í öllum aðildarríkjunum.

7) Breyta ætti reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1210/2003(2), (EB) nr. 305/2006(3), (ESB) nr. 356/2010(4), (ESB) nr. 224/2014(5), (ESB) nr. 1352/2014(6) og (ESB) 2022/2309(7) til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð	ráðsins	(ESB)	nr.	1352/2014	er	breytt	sem	hér	segir:
1)	Eftirfarandi	málgrein	bætist	við	í	2.	gr.:		
„3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um það þegar nauðsynlegir fjármunir eða efnahagslegur auður er gerður aðgengilegur til að tryggja að veita megi tímanlega mannúðaraðstoð eða styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks þegar slík aðstoð og önnur starfsemi er framkvæmd af hálfu:									
a) Sameinuðu þjóðanna, þ.m.t. áætlana þeirra, fjármuna og annarra rekstrareininga og stofnana, sem og sérstofnana þeirra og tengdra stofnana,									
b) alþjóðastofnana,									
c) stofnana á sviði mannúðarmála sem hafa stöðu áheyrnarfulltrúa á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og aðila að þessum mannúðarstofnunum,									
d) frjálsra félagasamtaka með tvíhliða eða marghliða fjármögnun sem taka þátt í viðbragðsáætlunum Sameinuðu þjóðanna um mannúðaraðstoð, viðbragðsáætlunum vegna flóttafólks, öðrum áköllum Sameinuðu þjóðanna eða klösum á sviði mannúðarmála sem samhæfingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum samhæfir,									
e) starfsfólks, styrkþega, dótturfélaga eða framkvæmdaraðila þeirra rekstrareininga sem um getur í a- til d-lið á meðan og að því marki sem þeir starfa í þessum stöðum eða									
f) annarra viðeigandi aðila eins og framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir ákvarðar.“									
2)	Í	stað	3.	gr.	a	kemur	eftirfarandi:		
„3. gr. a									

1. Þrátt fyrir 1. gr. a og 2. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi og að því tilskildu að framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hafi ákvarðað í hverju tilviki fyrir sig að undanþága sé nauðsynleg til að greiða fyrir störfum Sameinuðu þjóðanna og annarra mannúðarstofnana í Jemen eða í öðrum tilgangi sem samrýmist markmiðum ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2140 (2014) og ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2216 (2015), heimilað:

a) veitingu tæknaðstoðar, fjármögnunar eða fjárhagsaðstoðar sem tengist þeirri starfsemi sem lýst er í

1. gr. a,

b) að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur.

2. Ákvæði b-liðar 1. mgr. hafa ekki áhrif á 3. mgr. 2. gr.“

3) Í stað 10. gr. kemur eftirfarandi:

„10. gr.

Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að þær aðgerðir er um getur í 1. og 2. mgr. 2. gr. eru sniðgengnar.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2023.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

E. SVANTESSON

(1) Stjtið. ESB L 47, 15.2.2023, bls. 50.

(2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1210/2003 frá 7. júlí 2003 um tilteknar, sértækar takmarkanir á efnahagslegum og fjárhagslegum tengslum við Írak og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2465/96 (Stjtið. ESB L 169, 8.7.2003, bls. 6).

(3) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 305/2006 frá 21. febrúar 2006 um að leggja á tilteknar þvingunaraðgerðir gegn tilteknum aðilum sem eru grunaðir um aðild að morðinu á Rafiq Hariri, fyrrum forsætisráðherra Líbanons (Stjtið. ESB L 51, 22.2.2006, bls. 1).

(4) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 356/2010 frá 26. apríl 2010 um að leggja á tilteknar, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er að tilteknum einstaklingum eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum í ljósi ástandsins í Sómalíu (Stjtið. ESB L 105, 27.4.2010, bls. 1).

(5) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 224/2014 frá 10. mars 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Mið-Afríkulýðveldinu (Stjtið. ESB L 70, 11.3.2014, bls. 1).

(6) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1352/2014 frá 18. desember 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Jemen (Stjtið. ESB L 365, 19.12.2014, bls. 60).

(7) Reglugerð ráðsins (ESB) 2022/2309 frá 25. nóvember 2022 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins á Haítí (Stjtið. ESB L 307, 28.11.2022, bls. 17).

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.